

Truenorth Ísland ehf.  
Haraldur Bjarnason  
Hólmaslóð 8  
101 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2015  
UST201502-638

### Efni: Kvikmyndataka í Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Haralds Bjarnasonar fyrir hönd Truenorth ehf, dags 20. febrúar 2015, vegna leyfis til kvikmyndatöku í Dyrhólaey þann 11. mars 2015.

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Samkvæmt friðlýsingunni er óheimilt að skaða eða trufla dýralif á hinu friðlýsta svæði og getur Umhverfisstofnun takmarkað aðgengi almennings að eynni á tímabilinu 1. maí til 25. júní til verndar fuglalífi.

#### Lýsing á framkvæmd:

Um er að ræða kvikmyndatöku vegna auglýsingar fyrir fyrirtækið Ikea. Umhverfi vitans á Háey verður kvikmyndað ásamt klettunum og sjónum í kringum Dyrhólaey. Leikrar verða einnig kvikmyndaðir í eynni. Enginn búnaður verður notaður umfram myndavélar eða þrífafetur og tökur fara fram á stígum friðlandsins. 15 manna starfslið kemur að tökunum en hvorki verður sett upp aðstaða né leikmynd. Bílum verður lagt við bílastæði á eynni.


#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að kvikmyndataka eins og henni er lýst hér að ofan, á þessum tíma árs valdi hvorki raski á gróðri né dýralífi. Umhverfisstofnun metur umfang framkvæmdarinnar sem svo að hún sé ekki leyfisskyld miðað við uppgefnar upplýsingar.


#### Stofnunin bendir á eftirfarandi atriði:

- Truenorth og starfsfólk sem að kvikmyndatökunni kemur, ber að ganga vel um svæðið og fylgja reglum þess í hvívetna og sjá til þess að hvorki jarðvegi né gróðri verði raskað. Göngustígum verði fylgt.
- Aðrir gestir/ferðamenn svæðisins skulu ekki verða fyrir óþægindum eða truflun vegna kvikmyndatökunnar. Bílastæði þurfa einnig að vera aðgengileg öðrum gestum.
- Sérstaklega er áréttuð að allur akstur utan vega er bannaður skv. 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Búnaður skal því borinn frá bílastæðum að tökustað.

Virðingarfyllst

  
Linda Guðmundsdóttir

Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri